

**Fundargerð 23. fundar
bæjarráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
15. maí 2019 , kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Þór Ólafsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

1. Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar - 1901025

Viðauki 6 vegna samninga við félagasamtök.

Afgreiðsla:

Viðauki samþykktur og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

2. Göngustígur milli Garðs og Sandgerðis - 1809097

Drög að samningi við Vegagerðina.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar. Bæjarstjóra falið að vinna áfram í málinu.

3. Vargveiði í Suðurnesjabæ - 1904041

Umsóknir um leyfi til refa-og minkaveiða.

Afgreiðsla:

Samþykkt að ráða Pál Þórðarson til veiða á svæðinu frá Djúpavogi að Garðskaga og Eyjólf Magnússon á svæðinu frá Garðskaga að Helguvík með tilvísun í reglur um refa- og minnkaveiði í sveitarfélaginu.

4. Styrkir almennt - 2019 - 1901049

Ægir Már Baldvinsson, ósk um styrk vegna keppni erlendis.

Afgreiðsla:

Samþykkt að veita Ægi Má styrk að fjárhæð kr. 50.000 vegna þátttöku hans á norðurlandamóti í judo í Finnlandi. Bæjarráð óskar Ægi Má velfarnaðar í mótinu.

5. Garðsláttur fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja. - 1905032

Minnisblað frá frístunda-og forvarnafulltrúa og verkefnastjóra umhverfissviðs.

Afgreiðsla:

Samþykkt að ellilífeyrisþegum og öryrkjum standi til boða garðsláttur einkalóða á tímabilinu júní og júlí samkvæmt tillögu í minnisblaði. Gjald fyrir hvern slátt verði kr. 1.500.

6. Trúnaðarlæknir - 1903029

Minnisblað frá sviðsstjóra stjórnslusviðs.

Afgreiðsla:

Bæjarráð samþykkir tillögu sviðsstjóra um trúnaðarlækni sem kemur fram í minnisblaðinu og að samið verði við Heilsuvernd ehf um þjónustu.

7. Fasteignafélagið Sunnubraut 4 - 1904060

Ársreikningar 2017 og 2018, fundargerð aðalfundar 30.04.2019.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

8. Lagardére travel retail ehf - umsókn um rekstrarleyfi veitingastaðar í flokki III - 1905022

Umsögn um umsókn um rekstrarleyfi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Afgreiðsla:

Bæjarráð gerir ekki athugasemd um að umbeðið leyfi verði veitt.

9. Guðmundur Magnússon - ósk um vinnuáðstöðu - 1810122

Erindi dags. 28.04.2019, ósk um vinnuáðstöðu.

Afgreiðsla:

Bæjarráð telur að tiltekið húsnæði sem sótt er eftir komi ekki til greina og hafnar því erindinu.

10. Guðni á truknum heimildamynd - 1810056

Erindi frá Guðmundi Magnússyni dags. 10.05.2019.

Afgreiðsla:

Bæjarráð telur ekki rétt að veita frekari styrki til verkefnisins en þegar er búið að samþykkja.

11. Hollvinafélag Unu Guðmundsdóttur - 1905020

Erindi dags. 7. maí 2019.

Afgreiðsla:

Bæjarráð þakkar fyrir erindið sem er til kynningar á starfsemi félagsins. Formanni bæjarráðs og bjarstjóra falið að eiga viðræður við félagið um samstarfssamning.

12. Norræna félagið í Suðurnesjabæ - 1905021

Erindi dags. 7. maí 2019.

Afgreiðsla:

Bæjarráð þakkar fyrir erindið sem er til kynningar á starfsemi félagsins. Formanni bæjarráðs og bjarstjóra falið að eiga viðræður við félagið um samstarfssamning.

23. fundur bæjarráðs
16.05.2019

13. Öldungaráð Suðurnesja-fundargerðir 2019 - 1901053

Fundur stjórnar dags.06.05.2019.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

Fundi slitið kl. 18:30.

Ólafur Þór Ólafsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Daði Bergþórsson

Magnús Stefánsson
